

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar vegna Hólasandslínu 3.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. desember 2019 breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. nóvember 2019.

Í breytingunni felst að legu Hólasandslínu 3 (jarðstrengur) er breytt á tveimur stöðum, við suðurenda Akureyrarflugvallar og norðan Kjarnaskógar og frístundabyggðar við Kjarnalund.

Málsmeðferð var óveruleg breyting á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. desember 2019.

F.h. forstjóra

Hafdís Hafliðadóttir.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2020